

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 3. febrúar 2020  
UST201912-228/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030 - Endurskoðun stefnu um ferðaþjónustu og stakar framkvæmdir**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 19. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 - 2030.

Í greinargerð kemur fram að markmið breytingarinnar er að fara yfir skilmála um ferðaþjónustu með nýjar forsendur og viðmið í huga. Kaflar um uppbyggingu vegna ferðaþjónustu í sveitum, samgöngur – stefnu, íbúðarbyggð á Höfn, verslun og þjónustu og landbúnaðarland eru endurskoðaðir. Auk þess er settur fram nýr kafli í greinargerð sem fjallar um stakar framkvæmdir.

### **Samgöngur - Stefna**

Í greinargerð kemur fram að stefna skipulagsins er að stuðla að öflugum og öruggum samgöngum innan sveitarfélagsins og yfir í aðra landshluta.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu skal samkvæmt ákvæði þessu vera lokið fyrir árslok 2020.

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á. Umhverfisstofnun bendir á að vegur liggur að Ingólfshöfða og telur stofnunin mikilvægt að vegurinn sé í tillögunni skv. 32. gr. laganna.

Í 3. mgr ákvæðisins segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um

greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufræðilegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaganna, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram. Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

### **Ferðaþjónusta og stakar framkvæmdir**

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að nýta núverandi byggingar með breytingum og/eða takmarkaðri viðbótaruppbyggingu fyrir gistingu í allt að 16 herbergjum, fyrir 32 gesti. Auk þess kemur fram að stakar framkvæmdir eru heimilar innan sveitarfélagsins án þess að afmarka landnotkun sérstaklega í aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á að almennt þarf að leita leyfis við jarðraski á friðlýstum/vernduðum svæðum. Auk þess þarf að leita umsagnar hjá stofnuninni áður en framkvæmdaleyfi er veitt á svæðum sem eru á náttúruminjasrá og falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

### **Stakar framkvæmdir**

Í niðurstöðu sveitarstjórnar segir að stefna um stakar framkvæmdir sé að þær framkvæmdir séu taldar hafa óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti enda um smærri framkvæmdir að ræða sem séu því ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Í gr. 4.3.1 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem fjallað er um stakar framkvæmdir segir m.a. að um er að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Umhverfisstofnun bendir á að stakar framkvæmdir geta valdið neikvæðum umhverfisáhrifum og verið tilkynningaskildar sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun bendir á að litlar virkjanir geti haft veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér líkt og vatnsaflsvirkjanir þar sem rask vegna framkvæmda getur verið mikið þó svo að umfang virkjunar sé talið lítið. Í því felst að gert sé ráð fyrir stíflu, miðlunarlóni, lögnum, vegagerð og stöðvarhúsi sem mikilvægt er að mati stofnunarinnar að sjá sem eina samþætta framkvæmd. Auk þess er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að skoða ekki einungis stærð, afl og umfang virkjana heldur einnig umhverfisáhrif á ólíkum svæðum með mismunandi verndargildi.

Stofnunin minnir á að fyrir vindorkuframkvæmdir miðar tilkynningarskylda ofangreindra laga um mat á umhverfisáhrifum við uppsett rafafll stöðvanna en ekki hæð einstakra vindmylla en í stefnu sveitarfélags er miðað við að vindmyllur að hámarki 20 m á hæð sé stök framkvæmd. Umhverfisstofnun telur að slík framkvæmd kunni að hafa veruleg áhrif á ásýnd lands sem fer þó eftir staðsetningu og útfærslu framkvæmdar og því ekki hægt að útiloka umhverfisáhrif með því einungis að tilgreina hámarks hæð.

### **Stjórn vatnamála**

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að framkvæmd laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Umhverfisstofnun bendir á að virkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshlotti og getur valdið álagi á lífríki.

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur